

Víkurlax h/f
Gunnar Blöndal
Byggðavegi 111
600 Akureyri

2001020044
6602; 9310

Reykjavík, 15. júní 2001
/ÞFP

Efni: Stækkun á sjókvíaeldi Víkurlax hf. í Eyjafirði. Ákvörðun um matsskyldu

Vísað er til erindis Víkurlax hf. dags. 13. febrúar 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt stækkun á sjókvíaeldi á laxi í Ystuvík, Grýtubakkahreppi úr 200 tonna ársframleiðslu í 600 tonna ársframleiðslu samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og g-lið 1. tl. 2. viðauka laganna.

Áður hafði Víkurlax hf., með bréfi dags. 10. október 2000, óskað eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort stækkun sjókvíaeldis fyrirtækisins úr 200 í 800 tonna ársframleiðslu skuli háð mati. Niðurstaða Skipulagsstofnunar, sbr. bréf dags. 8. desember 2000, var sú að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun leitaði álits Grýtubakkahrepps, Hafrannsóknastofnunarinnar, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Grýtubakkahreppi með bréfi dags. 27. febrúar 2001, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 6. mars 2001, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 5. mars 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 5. mars 2001 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 5. mars 2001. Skipulagsstofnun leitaði frekara álits Náttúruverndar ríkisins og veiðimálastjóra, með bréfum dags. 23. mars 2001, á því hvort auglýsing landbúnaðarráðuneytisins nr. 226/2001 um friðunarsvæði, þar sem eldi frjórna laxa (Salmon salar) í sjókvíum er óheimilt, hefði áhrif á fyrri umsagnir um ofangreinda framkvæmd. Svar barst frá Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 27. mars 2001 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 2. apríl 2001. Svör við álitum bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 15. mars og 28. maí 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum Víkurlax hf. kemur fram að ráðgert sé að stækka núverandi eldisstöð úr 200 í 600 tonna ársframleiðslu á eldislaxi af íslenskum laxastofni af norskum uppruna, sem notaður hafi verið í eldi hér á landi um nokkurra ára bil. Smálaxar til sleppinga í kvíar komi frá Íslandslaxi hf. í Grindavík eða Silfurstjörnunni hf. í Öxarfirði. Fram kemur að starfsleyfi hafi nýlega verið endurnýjað fyrir núverandi rekstur.

Fyrirhugað er að staðsetja nýjar eldiskvíar rétt norðan við núverandi eldiskvíar í 100-300 m fjarlægð frá landi þar sem sjávardýpi er 30 til 50 m samkvæmt korti sem fylgdi erindi framkvæmdaraðila. Gert er ráð fyrir að við stækkun stöðvarinnar verði notaðar hringlaga flotkvíar sem festar eru með taugum við hafsbotn og þola a.m.k. 11 m ölduhæð. Áður var gert ráð fyrir flotkvíum sem þola a.m.k. 5 m ölduhæð.

Framkvæmdaraðili vísar til þess að við fyrri umfjöllun um matsskyldu stækkunar eldisins við Ystuvík hafi veiðimálastjóri bent á að nauðsynlegt kynni að vera að framkvæma verklegt mat á umhverfisáhrifum í tengslum við tilraunaeldi í smáum stíl í Eyjafirði. Í tilkynningu Víkulax hf. er tekið fram að fyrirtækið geti hugsanlega verið í samstarfi við Veiðimálastofnun um öflun aukinnar þekkingar í þessu sambandi.

Á 10 ára rekstrartíma Víkurlax hf. við Ystuvík hafi fyrirtækið ekki orðið fyrir skaða sökum þess að lax hafi sloppið úr eldiskvíum. Nábyli við lúðveldi á Hjalteyri (7 km) og klakfiskstöð á Dalvík (26 km) hafi alltaf verið til staðar og ekki vitað til að sjókvíaeldi Víkurlax hf. hafi haft áhrif á þá starfsemi. Aukning úr 200 í 600 tonna framleiðslu geti varla aukið hættu á hættulegum sjúkdómum sem neinu nemi. Vísað er til umsagnar Hafrannsóknastofnunar við fyrri umfjöllun um matsskyldu starfseminnar þar sem fram kemur að vegna fjarlægðar og þynningaráhrifa verði að teljast litlar líkur á smiti milli umræddra fiskeldisstöðva.

Vísað er til þess að í fyrri ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu hafi verið bent m.a. á fyrirhugaða stóriðju skv. Aðalskipulagi Arnarneshrepps 1991-2017. Framvæmdaraðili telur engan veginn ljóst hvers konar stóriðju yrði um að ræða eða hvort af þeim hugmyndum verður og því ekki hægt að taka tillit til stærðar eða hugsanlegrar mengunar þar sem slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir. Stóriðja, ef hún kemur, verði að taka tillit til þess umhverfis sem þá verði til staðar og fiskeldið muni varla hafa áhrif á hana heldur öfugt, ef einhver áhrif verða.

Vísað er til þess að fallist hafi verið á allt að 16.000 tonna laxeldi í sjókvíum í Mjóafirði og Berufirði án undangengins mats á umhverfisáhrifum eða reynslu af eldi og aukningin hjá Víkurlax hf. verði tíu- til þrettánfalt minni en á hvorum staðnum.

Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Grýtubakkahreppur telur í umsögn sinni að framkvæmdin skuli ekki háð mati á

umhverfisáhrifum.

Erfðafræðileg og sjúkdómstengd áhrif og áhrif af völdum sníkjudýra

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að sá laxastofn sem verði notaður verði mjög seint kynþroska og ef lax sleppi úr kvíunum verði hann að leita fæðu í hafinu í 1-3 ár áður en hann leiti upp í ferskvatn og á þeim tíma megi búast við talsverðum afföllum. Næstu laxveiðar séu Fnjóská með 210 laxa ársmeðalveiði, í um 9 km fjarlægð frá kvíældinu og Eyjafjarðará með 24 laxa ársmeðalveiði, í um 18 km fjarlægð frá kvíældinu. Bent er á að oft hafi gengið illa að hafa hemil á laxalús í laxeldi í nágrannalöndunum, en að við Ísland hafi laxalús ekki verið vandamál. Bent er á að góðar silungsár séu í Eyjafirði og að æskilegt væri að fylgjast náið með tíðni laxalúsar á eldislaxi og villtum silungi í firðinum fyrir og eftir að starfsemi hefst.

Í umsögn veiðimálastjóra er vísað til fyrri umsagnar um stækkun Víkurlax hf. í 800 tonn og þeirrar niðurstöðu að fara skuli fram mat á umhverfisáhrifum þeirrar stækkunar.

Veiðimálastjóri telur ekki ástæðu til að véfengja upplýsingar framkvæmdaraðila um að starfsemin hafi ekki valdið skaða í nærliggjandi ám en æskilegt sé að málið væri skoðað af hlutlausum fagaðila með skoðun á veiðibókum og öðrum gögnum til að þetta fengist skjalfest. Vöktunarrannsóknir séu hluti af skilyrðum sem tengjast rekstrarleyfum og ekki sé ástæða til að huga að slíku í tengslum við hefðbundna skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Veiðimálastjóri telur að öll kvíaeldisstarfsemi í Eyjafirði eigi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum, þar með talin stækkun á Víkurlaxi hf.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að 10 ára löng reynsla Víkurlax hf. af sjókvíældi hljóti að veða þungt þegar metið sé hvort stækkun sé matsskyld og enginn hafi bent á ákveðin neikvæð áhrif á lífríkið vegna starfseminnar á þessum tíma. Til dæmis hafi hinum merka áfanga Fiskeldis Eyjafjarðar í lúðveldi verið náð samhliða sjókvíældi Víkurlax hf. Reyndar séu straumar þannig í Eyjafirði, að sögn Hafrannsóknarstofnunarinnar, að frekar sé hætta á að mengun berist frá Fiskeldi Eyjafjarðar til sjókvíaeldis Víkurlax en öfugt.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að í Eyjafirði séu bæði lax- og silungsár og þurfi því að skoða allt fiskeldi m.t.t. til þess. Sérstaklega þegar til standi að fara í eldi á fleiri stöðum í firðinum. Fram komi að Víkurlax hafi notað norskan lax undanfarin ár en samkvæmt upplýsingum frá veiðimálastjóra hafi embættið ekki gefið út nein leyfi fyrir laxi af norskum stofni fyrir Víkurlax. Ef notaður sé norskur lax í stöðinni í dag sé það ekki með leyfi frá veiðimálastjóra. Lýsi þetta vel því ástandi sem sé í dag í þessum málum. Náttúruvernd ríkisins telji þetta engan veginn ásætlanlegt og ekki gefa tilefni til annars en að skoða stöðu mála hvað þetta varðar mjög vandlega. Stofnunin leggur áherslu á að mörg dæmi séu til um útbreiðslu sjúkdóma milli landa þegar fiskeldi er annars vegar og því sé engin ástæða til að gera lítið úr þeirri áhættu sem tekin er. Að öðru leyti vísar Náttúruvernd ríkisins í umsögn sína um matsskyldu stækkunar á sjókvíældi Víkurlax hf. til Skipulagsstofnunar, dags. 20.

nóvember 2000, afstaða stofnunar hafi ekki breyst, þrátt fyrir minnkun á framleiðslu um 200 tonn, og leggi hún til að fram fari mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Mengun frá lífrænum úrgangi og áhrif á lífríki Eyjafjarðar

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að fyrirhuguð framleiðsluaukning muni leiða til nokkurrar aukningar á losun lífræns úrgangs út í umhverfið, en að strandstraumurinn liggi út fjörðinn og því hafi lífrænn úrgangur frá kvíunum tilhneigingu til að berast út fjörðinn.

Straummælingar Hafrannsóknastofnunarinnar bendi til að á umræddum stað sé allgóður straumur með landinu en ekki sé þó hægt að útiloka staðbundna uppsöfnun fódurleifa undir kvíum sem geti valdið súrefnisskortu í botnseti.

Hafrannsóknstofnunin telur eins og fyrr mjög litlar líkur á að fyrirhugað eldi valdi skaða á villtum nytjastofnum í sjó enda ekki vitað að slíkt hafi gerst annars staðar eins og t.d. í Noregi.

Hollustuvernd ríkisins vísar í umsögn sinni til fyrri umsagnar um sjókvíaeldi Víkurlax hf. í Eyjafirði. Stofnunin hafi ekki gert kröfur um að fram fari mat á umhverfisáhrifum vegna kvíaeldis á svæðum sem skilgreina meigi sem síður viðkvæm, enda leggi framkvæmdaraðili fram gögn sem sýna að svo sé. Stofnunin sé enn sama sinnis, en telji að þegar framkvæmdin kunni að rekast á hagsmuni sambærilegrar starfsemi eða annarrar mengandi starfsemi þurfi að skoða málið nánar.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins er bent á að framkvæmdaraðili þurfi að leggja fram gögn til að ákveða hvort flokka megi Eyjafjörð og athafnasvæði Víkurlax sem síður viðkvæmt svæði, eða ekki, sbr. reglugerð nr. 789/1999. Náttúruvernd ríkisins telur í umsögn sinni að munnlegar upplýsingar séu að öllu jöfnu ekki nægjanlegar sem niðurstöður vöktunar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Hollustuvernd telji allar líkur á að flokka megi Eyjafjörð sem síður viðkvæman. Eyjafjörður sé tiltölulega breiður og djúpur fjörður, sé litið til landsins í heild, ef undanskildir eru flóar. Skv. bréfi Hafrannsóknarstofnunarinnar séu straumar allgóðir út fjörðinn þar sem fyrirhuguð staðsetning er. Meðal annars á þessum grundvelli megi álykta að Eyjafjörður sé síður viðkvæmt svæði. Þá tekur hann undir að bæta megi vöktun og að með fyrirhugaðri stækkun stöðvarinnar aukist hagkvæmni hennar.

Áhrif á aðra landnotkun

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram eins og í fyrri umsögn að lífríki Eyjafjarðar og starfsemi annarra fyrirtækja virðist lítil hætta stafa af fyrirhuguðu kvíaeldi á laxi við Ystuvík og því ekki talin ástæða til að umrædd starfsemi verði háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann telji grundvallarmun á umsókn Víkurlax hf. um 400 tonna stækkun og umsókn annars aðila um 4.000 tonna eldi

við Brimnes. Tífoldur stærðarmunur og 10 ára reynsla sé af öðru eldinu og um tiltölulega hógværa stækkun sé að ræða.

Sammögnuð áhrif

Í umsögn veiðimálastjóra er vísað til niðurstöu fyrri umsagnar um að stækkun á sjókvíaeldi Víkurlax hf. í 800 tonna ársframleiðslu skyldi háð mati á umhverfisáhrifum. Þar hafi komið til nálægð Víkurlax við lax- og silungsveiðiár og lúðveldi sem stundað sé í Eyjafirði. Einnig hafi þurft að taka tillit til beiðni um 4000 tonna framleiðslu á laxi við Brimnes og síðar beiðni um 4000 tonna þorskelði á sama stað, sem e.t.v. komi í stað ofanefnds laxeldis, sem þó verði ekki séð að hafi verið lagt alfarið til hliðar.

Veiðimálastjóri telur ekki greinarmun á því hvort Víkurlax hf. fari fram á stækkun í 600 eða 800 tonn. Í báðum tilfellum sé nauðsynlegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum þessarar stækkunar og samspili hennar við aðra fiskeldisstarfsemi, sem sótt hafi verið um á svæðinu. Í raun sé ekki nauðsynlegt að framkvæma mat á umhverfisáhrifum fyrir hvern aðila, sem leiti eftir heimild til fiskeldisframleiðslu. Matið þurfi að ná til allra umsókna á svæðinu og leitast við að ákvarða hámarksframleiðslu í sjókvíum með tilliti til þeirra tegunda sem fyrirhugað sé að ala og með hliðsjón af þeirri fiskeldisframleiðslu, sem fyrir er á svæðinu og hagsmuna í nærliggjandi veiðiám. Víkurlax sé í raun einn af þeim aðilum sem fyrir er og að stækkun þeirrar stöðvar eigi því að njóta ákveðins forgangs umfram laxeldisheimildir til nýrra stöðva.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann telji anda laga um mat á umhverfisáhrifum bera með sér að stærð og umfang framkvæmdar sé veigamikil forsenda þegar ákvarðað er hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki. Þá bendir framkvæmdaraðili á varðandi sameiginlegt mat með öðrum framkvæmdaraðila, að heimildir ráðherra virðist miða við framkvæmdir sem falla undir viðauka 1, en ekki eiga við framkvæmdir sem eru í viðauka 2.

Í frekari umsögnum Náttúruverndar ríkisins og veiðimálastjóra, eftir birtingu auglýsingar, nr. 226 frá 15. mars 2001, um friðunarsvæði þar sem eldi frjórna laxa (Salmon salar) í sjókvíum er óheimilt, kemur fram óbreytt afstaða til matsskyldu framkvæmdarinnar. Í umsögn dýralæknis fisksjúkdóma er fylgir umsögn veiðimálastjóra, 2. apríl 2001, er ekki gerð athugasemd við tilraunaleyfi fyrir takmarkaða starfsemi. Í umsögn Veiðimálastofnunar, sem einnig er fylgiskjal umsagnarinnar, er ekki tekin afstaða til fyrirhugaðs aukins eldis Víkurlax hf. en þó bent á að framangreind auglýsing breyti ekki matsferli á þeim svæðum sem laxeldi er heimilað á heldur verði að meta hverja framkvæmd út frá aðstæðum hveju sinni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við laxeldi á umræddum stað undanfarin 10 ár hafi ekki komið upp nein vandamál sem geti talist hafa haft neikvæð áhrif á umhverfið og það mat framkvæmdaraðila að laxeldi á umræddum stað ógni ekki hagsmunum annars fiskeldis á Eyjafjarðarsvæðinu. Ekkert nýtt hafi komið fram sem breyti afstöðu framkvæmdaraðila frá fyrri stigum málsins.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Víkurlax hf. hefur tilkynnt til ákvörðunar um matsskyldu fyrirhugað sjókvíaeldi í Ystuvík, Grýtubakkahreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða stækkun á eldi úr 200 tonna ársframleiðslu í 600 tonna ársframleiðslu af eldisfiski á ári og fellur framkvæmdin undir lið 1. g í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í umfjöllun Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis á laxi af norskum uppruna hefur ítrekað verið bent á takmarkaðar upplýsingar og reynslu af áhrifum þess að lax sleppi úr kvíum á búsvæði, sjúkdóma, sníkjudýr og erfðablöndun í villtum laxa- og silungastofnum.

Í umsögnum veiðimálastjóri um stækkun sjókvíaeldis í Ystuvík í 600 tonna ársframleiðslu er vísað til fyrri afstöðu til stækkunar í 800 tonna ársframleiðslu. Fram kemur að fyrirhugað sjókvíaeldi í Ystuvík og hugsanleg sammögnunaráhrif þess með öðru sjókvíaeldi í Eyjafirði kalli á mat á umhverfisáhrifum m.a. á samspil þessarar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir við aðra fiskeldisstarfsemi sem sótt hefur verið um á svæðinu. Ekki sé munur á stækkun í 600 eða 800 tonna ársframleiðslu hvað það varðar. Náttúruvernd ríkisins vísar einnig til fyrri umsagnar um stækkun á sjókvíaeldi í Ystuvík í 800 tonna ársframleiðslu og tekur fram að afstaða stofnunarinnar hafi ekki breyst þó stækkunin sé takmörkuð við 600 tonn. Skoða beri allt fiskeldi með tilliti til lax- og silungsáa á svæðinu og lögð er áhersla á að ekki sé gert lítið úr hættu á útbreiðslu sjúkdóma sem mörg dæmi séu um að hafi borist milli landa. Í umsögnum Hafrannsóknastofnunar og Hollustuverndar ríkisins kemur fram óbreytt afstaða til framkvæmdarinnar þ.e. að hún skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Hollustuvernd ríkisins tekur þó fram að þegar framkvæmdin kunnir að rekast á hagsmuni sambærilegrar starfsemi eða annarrar mengandi starfsemi þurfi að skoða málið nánar.

Fram hefur komið við umfjöllun Skipulagsstofnunar um sjókvíaeldi í Ystuvík að ekki virðast liggja fyrir upplýsingar um framkvæmd eldis á allt að 200 tonnum af íslenskum eldislaxi af norskum uppruna frá árinu 1994 til þessa, er varða eftirlit og vöktun, sem leggja megi til grundvallar við leyfisveitingar fyrirhugaðs 600 tonna eldis og sem varpað geta ljósi á hvaða áhrif eldið hefur haft á umhverfið. Framkvæmdaraðili bendir þó á að ekki hafi verið bent á nein neikvæð áhrif af starfseminni í 10 ár og að Fiskeldi Eyjafjarðar hafi náð merkurum áfanga í lúðueldi samhliða sjókvíaeldi Víkurlax hf.

Skipulagsstofnun telur eins og áður að varúðarsjónarmið hljóti að vega þungt þegar álitamál eru uppi um áhrif sjókvíaeldis í Ystuvík á umhverfið og starfsemi sem fyrir er á svæðinu. Ekki er unnt að horfa framhjá því við ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar að uppi eru hugmyndir um 4000 tonna framleiðslu á laxi á ári við Brimnes og/eða 4000 tonna þorskeldi á sama svæði sem og 3000 tonna þorsk- og lúðueldi við Svalbarðseyri og Grenivík sem Skipulagsstofnun hefur nú til formlegrar umfjöllunar. Taka þarf tillit til sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum á svæðinu sem upplýsingar liggja fyrir um eins og ítrekað hafi

verið bent á í umsögnum veiðimálastjóra, Náttúruverndar ríkisins og Hollustuverndar ríkisins. Ekki er að mati Skipulagsstofnunar munur á stækkun á sjókvíaeldi úr 200 í 600 eða 800 tonna ársframleiðslu hvað þetta varðar.

Skipulagsstofnun bendir á að ekki er fyrir hendi annar vettvangur til að bera saman áhrif ólíkra framkvæmda á sama svæði en málsmeðferð sú sem mælt er fyrir um í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Með tilvísun til ábendinga í umsögnum um að meta beri samtímis allt fyrirhugað sjókvíaeldi í Eyjafirði lýsir framkvæmdaraðili þeirri skoðun að heimild umhverfisráðherra til slíkrar ákvörðunar virðist bundin við framkvæmdir í viðauka 1. Skipulagsstofnun bendir á að skv. 9. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum er ekki að finna slíka takmörkun.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila um fyrirhugað sjókvíaeldi á laxi í Ystuvík, Grýtubakkahreppi. Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila og þeim umsögnum sem Skipulagsstofnun hafa borist við afgreiðslu málsins er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að þó fyrirhugað sjókvíaeldi Víkurlax hf. í Eyjafirði hafi verið minnkað úr 800 í 600 tonna ársframleiðslu hafi forsendur fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 8. desember 2000, um að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum ekki breyst. Því skuli framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 16. júlí 2001.

Stefán Thors

Þóroddur F. Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, leyfisveitendur og umsagnaraðilar